

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. desember 2014 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-33/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 7. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst afsláttar af kaupverði bifreiðarinnar, en til vara skaðabóta.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 14. apríl sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 23. apríl. Með bréfi, dags. 29. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 6. maí. Með bréfi, dags. 13. maí, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til þess að skila þeim til 27. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 1. desember, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 24. mars 2014 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 230.000. Var bifreiðin af gerðinni SSangyoung Musso, árgerð 1997 og hafði verið ekið um 200.000 km þegar kaupin fóru fram. Segir álitsbeiðandi að hinn 29. mars hafi hann tekið eftir því að meira en lítra af kælivökva vantaði á kælikerfi bifreiðarinnar. Segist álitsbeiðandi þá aðeins verið búinn að aka bifreiðinni um 30 km frá því kaupin fóru fram. Fór álitsbeiðandi með bifreiðina á verkstæði. Þar kom í ljós að heddþakning hennar var ónýtt og að áætlaður kostnaður við viðgerð á heddinu væri um kr. 200.000. Telur álitsbeiðandi að um leyndan galla hafi verið að ræða og að vafamál sé hvort seljandi hafi ekki vitað af gallanum. Krefst þess að seljandi veiti sér afslátt af kaupverði bifreiðarinnar, en til vara að hann greiði sér skaðabætur.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kaupsamningi og afsali, afrit af staðfestingu frá verkstæði á því að heddþakning sé ónýtt auk afrits af tilboði í viðgerð á bifreiðinni.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að seljandi segist ekki hafa vitað af umræddum galla, hann hafi fengið bifreiðina í skiptum fyrir aðra bifreið og viti því lítið sem ekkert um ástand hennar. Segist seljandi jafnframt aldrei hafa tekið eftir því að vökva eða olíu vantaði á bifreiðina. Kveðst seljandi því ósammála fullyrðingu álitsbeiðanda að um leyndan galla sé að ræða þar sem ástand heddsins hafi komið fram við ástandsskoðun á bifreiðinni. Þá sé skýrt tekið fram í kaupsamningi og afsali að seljandi hafi vakið athygli álitsbeiðanda á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig sé í sama skjali bent á skoðunarskyldu kaupanda og að bifreiðin sé seld í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við. Skjalið hafi álitsbeiðandi síðan undirritað. Bendir seljandi jafnframt á að álitsbeiðandi átti rétt á að láta ástandsskoða bifreiðina fyrir kaupin, en það hafi hann þó ekki

gert. Gallinn sé ekki leyndari en svo að hann hafi komið fram við ástandsskoðun eftir kaupin. Segir seljandi jafnframt að við kaupin hafi álitsbeiðandi mætt í vinnugalla með vasaljós og tékklista og skoðað bifreiðina hátt og lágt. Tékklistin sem um ræðir, sé mjög ítarlegur og sá sami og álitsbeiðandi deildi á vefsíðu jeppaáhugamanna. Álitsbeiðandi hafi veitt því athygli við skoðun á bifreiðinni fyrir kaupin að á hana vantaði kælivökva og hafi hann gert athugasemd við það og spurt seljanda hverju það sætti. Segist seljandi hafa svarað því að hann vissi það ekki, enda ekki tekið eftir því áður að kælivökva vantaði. Hvað heddpakkninguna varði, þá eigi það sama við, þ.e. að bagalegt ástand hennar hefði komið fram við ástandsskoðun. Seljandi segist ekki hafa vitað að heddið læki, enda aldrei orðið var við neinar truflanir sem gætu bent til þess að eitthvað amaði að heddinu. Segist seljandi raunar aldrei hafa orðið var við neinar gangtruflanir eða bilanir í vél bifreiðarinnar. Hafnar seljandi því kröfum álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur fram að rétt sé að álitsbeiðandi hafi skoðað bifreiðina fyrir kaupin og stuðst þar við tékklista. Því miður hafi hann hins vegar ekki farið í gegnum allan listann m.a. vegna þess að það gekk á með slydduéljum á kaupdegi og að farið var að rökka þegar hann skoðaði bifreiðina. Segist álitsbeiðandi hafa orðið var við olúsmit framarlega á vél bifreiðarinnar en þar sem það hafi verið við dælu fyrir vökvastýri hafi hann haldið að smitið kæmi þaðan. Tekur álitsbeiðandi fram að hann sé ekki menntaður bifvélavirki. Þá bendir álitsbeiðandi á að umræddur tékklisti taki ekki til heddpakkningar og að hann hafi ekki reynsluekið bifreiðinni nógu langa vegalengd til að kælivatn hyrfi.

VI

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kæruneftndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 24. mars 2014 fyrir kr. 230.000. Bifreiðin er árgerð 1997 og fyrsti skráningardagur hennar 30. apríl 1997. Bifreiðin var því tæplega 17 ára á kaupdegi og hafði verið ekið um 200.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur í gögnum málsins, en ekki er gerð grein fyrir kílómetrastöðu í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 24. mars sl., segir m.a. eftirfarandi: „Seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda. Ökutæki selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 19.-20. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup sem ná til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 19. og 20. gr. segir m.a.:

„19. gr. Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

20. gr. Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.“

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Gegn mótmælum seljanda og þeirri staðreynd að hann átti bifreiðina í afar skamman tíma fyrir kaupin álitur kærunefndin að ekki hafi verið leitt í ljós um það að seljandi hafi vitað eða mátt vita um að heddd bifreiðarinnar var ónýtt í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. Þá bendir ekkert til þess að bifreiðin hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi gaf um hana í skilningi a-liðar sömu mgr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 1. mgr. 19. gr. Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Í gögnum málsins kemur fram að það gerði álitsbeiðandi ekki. Þá liggja ekki fyrir haldbærar upplýsingar um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana. Að mati kærunefndarinnar hefði ástand heddpakkningar bifreiðarinnar komið fram við venjulega ástandsskoðun fyrir kaupin, þ.e. með þjöppumælingu og athugun á gasmyndun í kælivatni. Þegar litið er til þess og að bifreiðin var orðin tæplega 17 ára gömul þegar kaupin fóru fram, ekin um 200.000 km og kostaði kr. 230.000 álitur kærunefndin að ástand bifreiðarinnar hafi ekki verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði eða mátti hafa ástæðu til að ætla miðað við kaupverðið og atvik að öðru leyti, sbr. ákvæði c-liðar 19. gr. laga nr. 50/2000. Af framangreindum ástæðum verður að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VII
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir